



Engjaborg

Verndarflokkur: Bæjarvernd
Verndarforsendur: Fornminjar

Engjaborg við Fífuhvammsveg var landamerki milli jarðanna Kópavogs, Digraness, Fífuhvamms og Arnarness.

Engjaborgin var stutt fyrir vestan býlið Smárahvamm, en það var nýbýli frá Fífuhvammi. Á þessum stað fundust tóftir af fjárhúsi og heygarði, sem líklegast er að hafi tilheyrt Fífuhvammsjörðinni, þar sem Smárahvammur er ekki byggt sem nýbýli fyrr en árið 1940, en tóftirnar tölувert eldri en það. Rústin er hringlaga með 2–3 m breiðum veggjum og út frá henni ganga leifar gerðis sem er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð.

